

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Styrkir til greiðslu fasteignaskatts

Dags: 20. febrúar 2024

Málsnúmer: 202402393/3.11

Sendandi: Edda Davíðsdóttir, tómsfundafulltrúi Mosfellsbæjar

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts í samræmi við gildandi reglur og tillögu tómsfundafulltrúa.

Lagt er til að til eftirtöldum þremur félögum og félagasamtökum verði veittir styrkir alls að fjárhæð kr. 1.693.850, sem skiptist með eftirfarandi hætti:

- Flugklúbbur Mosfellsbæjar kr. 1.170.000
- Rauði Krossinn í Mosfellsbæ kr. 487.370
- Skátafélagið Skjöldungar kr. 36.480

Greinargerð:

Á 864. fundi bæjarráðs þann 17. janúar 2008, voru samþykktar [reglur](#) (mál nr. 200712053) um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka sem að ekki njóta samningsbundinna rekstrarstyrkja frá Mosfellsbæ eða ígildi þeirra.

Samkvæmt 1. gr. reglnanna hefur bæjarstjórn ákveðið að veita styrki, svo sem nánar greinir í reglum, til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótt- og æskulýðsstarf, tómsfundarstarfsemi og mannúðarstörf.

Í 2. gr. reglnanna er að finna þau skilyrði sem félög og félagasamtök þurfa að uppfylla til að eiga rétt á styrk.

Auglýst var eftir umsóknum á vefsíðu Mosfellsbæjar í byrjun árs eins og kveðið er á um í 4. gr. reglnanna. Að þessu sinni bærust eftirfarandi umsóknir:

Flugklúbbur Mosfellsbæjar vegna Tungubakka:

Um er að ræða tómsfundastarf félags sem:

- stuðlar að framgangi flugmála;
- heldur uppi samvinnu, félagslífi og fræðslustarfi fyrir félaga;
- vinnur að hagsmuna- og áhugamálum félaga;
- heldur virku sambandi við hliðstæð félög innanlands.

Húsnæði félagsins eru flugskýli sem nýtt eru til geymslu flugflota félagsmanna, flugbraut auk húsnæðis fyrir almenna félagsaðstöðu. Umsóknin uppfyllir skilyrði sem sett eru fyrir styrkveitingu skv. 1., 2., 3., 5. og 6. lið 2. gr. reglnanna. Félagið hefur árlega fengið styrk til greiðslu fasteignaskatts.

Fasteignaskattur C hjá félaginu er kr. 2.905.236

Lagt er til að umsókn félagsins verði **samþykkt**, sjá síðar tillögu um styrkfjárhæð.

Rauði krossinn í Mosfellsbæ vegna þverholts 7.

Um er að ræða félag sem sinnir mannúðarstörfum. Umsóknin uppfyllir skilyrði sem sett eru fyrir styrkveitingu til mannúðarsamtaka skv.1.- 6. lið 2. gr. reglnanna. Félagið hefur árlega fengið styrk til greiðslufasteignaskatts.

Fasteignaskattur C hjá félaginu er kr. 487.370.

Lagt er til að umsókn félagsins verði **samþykkt**, sjá síðar tillögu um styrkfjárhæð.

Skátafélagið Skjöldungar vegna fasteignar (skátaskálinn Hleiðra) í Þormóðsdal sem skv. umsókn er notaður er fyrir útilegur og dagsferðir á vegum skáta, m.a. Mosverja. Einnig notaður við útilífsnámskeið skáta á sumrin.

Um er að ræða félag sem sinnir íþrótt- eða æskulýðsstarfi og uppfyllir skilyrði sem sett eru fyrir styrkveitingu skv. 1.-6. lið 2. gr. reglnanna. Fasteignaskattur A hjá félaginu er kr. 36.480.

Lagt er til að umsókn félagsins verði **samþykkt**, sjá síðar tillögu um styrkfjárhæð.

Samkvæmt 3. gr. reglnanna skal styrkur til greiðslu fasteignaskatts nema allt að álögdum fasteignaskatti viðkomandi árs.

Lagt er til að fjárhæð styrkja verði með álíka sniði og á síðastliðnu ári þannig að veittur verði styrkur fyrir fasteignaskatti að hámarki kr. 1.170.000 til hvers félags.

Styrkirnir færast á fjárhagseild 06890 *Ýmsir styrkir*.

Yfirlit yfir tillögur að styrkjum 2024 og samþykka styrki undanfarin ár.

	Styrkur 2024	Styrkur 2023	Styrkur 2022	Styrkur 2021
Flugklúbbur Mosfellsbæjar	1.170.000	1.100.000	1.000.000	950.000
Rauði krossinn í Mosfellsbæ	487.370	402.800	280.665	267.462
Skátafélagið Skjöldungar	36.480	36.685	23.009	21.983
	1.693.850	1.539.485	1.303.674	1.239.445

*Virðingarfyllt,
Edda Davíðsdóttir*